

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 45/1939. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Halldóri Sveinssyni**

(Garðar Þorsteinsson).

Brot bifreiðarstjóra gegn 200. gr. alm. hegningarlaga og 15. gr. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931.

### **Dómur hæstaréttar.**

Ákærða var skylt að sýna ýtrustu aðgæzlu, er hann ók fram hjá bifreiðinni R. 507 og bátnum, sem við hana var tengdur, einkum þegar til þess er litið, að hann hafði áður veitt Sigmundi Sigurðssyni athygli og séð, að hann var með hugann bundinn við að laga bátinn eða gæta að honum. Bar ákærða að draga mjög úr hraða bifreiðar sinnar, aka sem næst vinstri vegarbrún og hafa vakandi athygli á bátnum og mönnum þeim, sem honum fylgdu, meðan hann ók þar framhjá. Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið, þykir ákærði ekki hafa gætt þessarar skyldu sinnar til fulls og eiga því nokkurn þátt í slysi því, sem honum er gefið að sök í máli þessu, þótt að mestu leyti verði ógætni Sigmundar Sigurðssonar sjálfs um það kennt. Með greindum aðgæzluskorti hefir ákærði brotið gegn ákv. 200. gr. hinna almennu hegningarlaga og 1. mgr. 15. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði og málflytningu laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærður, Halldór Sveinsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflytningu manns, og málflytningu laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu manna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. marz 1939.**

Ár 1939 mánudaginn 13. marz var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, settum lögreglustjóra Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2110/1937: Réttvisin og valdstjórnin gegn Halldóri Sveinssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 17. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða. Það var í fyrstu dæmt í aukarétti hinn 21. jan. 1938. Dóminum var áfrýjað til hæstaréttar. Hæstiréttur

ómerkti málsmeðferð og dóm og vísaði málinu heim í hérað til rækilegrar rannsóknar og meðferðar og dómsálagningar að nýju með dómi sínum 26. okt. 1938.

Ákærður er Halldór Sveinsson bifreiðarstjóri, til heimilis Bergstaðastræti 10 hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. febrúar 1892 á Rauðhóli, Stokkseyrarhreppi.

Hegningarvottorð hans er svolátandi:

- 1929  $\frac{3}{10}$  Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.  
 1929  $\frac{1}{10}$  Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.  
 1931  $\frac{2}{8}$  Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.  
 1932  $\frac{2}{8}$  Kærður fyrir að aka yfir reiðhjól og brjóta það. Málið rannsakað og lokið án málsóknar.  
 1934  $\frac{1}{4}$  Undirgekkst að sjá um skaðabótageiðslu fyrir reiðhjól, er hann skemmdi með bifreið sinni.  
 1934  $\frac{1}{6}$  Aðvörun fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.  
 1938  $\frac{1}{4}$  Áminning fyrir brot á umferðareglunum.

Priðjudaginn 7. sept. 1937 kl. um 11 f. h. var bifreiðinni R. 507 ekið áleiðis inn á Kirkjusand, og dró hún trillu á eftir sér, sem á var lagður nótabátur. Báturinn lá á hægri hlið og vissi framendinn að bilnum, en kjölurinn snéri að vinstri vegarkanti. Á Laugarnesveginum var bifreiðin stöðvuð til þess að gæta að því, hvernig báturinn færi á trillunni. Til þess varð einn af verkamönnum þeim, er í bátinum voru, Sigmundur Sigurðsson að nafni. Steig hann út úr bátinum á götuna, fór aftur fyrir hann og aðgætti vinstra megin, snéri síðan við og gekk inn á veginn. Í þeim svifum ekur ákærður bifreiðinni R. 358, sem er vörubifreið, aftur með bátinum, og varð það til þess, að Sigmundur rakst á hornið á vörupalli bifreiðarinnar, að því er virðist, kastaðist aftur fyrir sig og lá á bakið þvers yfir veginh, þegar hann var tekinn upp. Var hann þegar fluttur á Landsspítalann, þar sem hann andaðist kl. 3.30 um daginn.

Að tilhlutun lögreglunnar framkvæmdi prófessor Niels Dungal líkskoðun, og er ályktun hans þessi:

„Hinn látni hefir orðið fyrir geysimiklum áverka. Þannig að hann hefir fengið mjög kraftmikið högg beint framan í mitt andlitið, svo að allur efri kjálkinn og nefið hefir malazt og tennur brotnað í neðri góm. Efri gómurinn og kokslímhúðin hefir margrifnað, og hefir blætt mikið og blóðið runnið bæði ofan í lungu og maga. Vegna kjálkabrotsins

hefir kokið að miklu leyti lokast, og er sennilegt, að maðurinn hafi af þeim orsökum kafnað skyndilega.“

Þegar lögreglan kom á vettvang, sáust ekki verksummerki slyssins vegna umferðar, er verið hafði á veginum síðar. Við mælingu lögreglunnar reyndist vegurinn vera á þessum stað 6,40 metrar á breidd, miðað við yztu hjólför beggja megin. Við nákvæma mælingu, sem framkvæmd var undir framhaldsrannsókn málsins, reyndist breidd vegarins milli yztu brúna vera 7.6 metrar, en milli yztu hjólfara ca. 7,2 metrar. Nótabáturinn, þar sem hann er breiðastur, reyndist vera 2,60 metrar, en þar sem hann lá á hliðinni, hefir raunveruleg breidd hans á veginum ekki verið mikil.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi tekið eftir Sigmundi heitnum, þar sem hann var vinstra megin við bátinn, og var það áður en bifreiðarnar fórust hjá. Hann kveðst hafa ekið hiklaust áfram, en þó dregið úr hraðanum og gizkar á, að hraðinn hafi verið 15—18 km. um það bil, er er hann ók aftur með bátnum. Gangvél bifreiðarinnar var í 4. gir. Hann kveðst ekki geta um það sagt, hvort hann gaf hljóðmerki. Bifreiðinni kveðst hann hafa haldið eins utarlega á vinstri vegarbrún og hann sá sér fært, og telur, að vel hafi verið manngengt milli bilsins og bátsins, þegar hann fór fram hjá. Eftir að hann var kominn fram hjá bátnum, kveðst hann hafa vikið bifreiðinni inn á veginn. Þegar hann var kominn framhjá bátnum miðjum, kveðst hann hafa litið aftur með síðunni og undir skutinn og ekki séð þar neina hreyfingu. En þegar hann er sloppinn með hálfu bifreiðina framhjá bátnum, kveðst hann hafa orðið var við högg á bilinn, en ekki áttað sig á, hvað um var að vera, og þess vegna stoppað bifreiðina.

Vitnið Guðbergur Ingvar Guðmundsson, sem sat á vörupalli bifreiðar þeirrar, er dró bátinn, og sá yfir slysið þaðan, lýsir því svo, að Sigmundur heitinn hafi lokið við að lita eftir bátnum vinstra megin og því farið aftur fyrir hann og út á veginn, skotizt með hraða og sýnilega horft undir bátinn og ekkert tekið eftir bifreið ákærðs. Kveður vitnið Sigmundur heitinn hafa lent við þetta fyrst á bifreiðarhúsinu og síðan á horni vörupallsins. Vitnið kveður á-ákærða hafa ekið skikkanlega, en treystir sér ekki til að ákveða hraðann. Það kveðst ekki hafa heyrt hljóðmerki.

Það kveðst ekki hafa tekið eftir, hversu utarlega ákærður ók bifreið sinni, en segir, að báturinn hafi verið utarlega, þótt vera megi, að mátt hefði leggja honum utar. Vitnið telur þó, að ákærður hafi ekið frekar nærri bátinum og að ekki muni hafa verið pláss fyrir mann milli bátsins og bifreiðarinnar, er henni var ekið aftur með.

Vitnið Sigmundur Eyvindsson sat í bátinum, þegar slysið vildi til. Það kveður, að sér hafi virzt Sigmundur heitinn ganga ákveðið og óhikað í veg fyrir bifreiðina, án þess að veita henni eftirtekt, og lent á horninu á vörupallinum. Gekk Sigmundur heitinn hálfboginn fyrir stefni bátsins. Um bilið milli bátsins og bifreiðarinnar segir vitnið það, að maður mundi hafa getað staðið á milli strax fyrir aftan bingu bátsins. Telur það ákærðan hafa sjálfan ekið utarlega og það óþarflega utarlega. Um hraða bifreiðarinnar kveðst vitnið álita, að hann hafi verið eðlilegur miðað við aðstæður og eftir því, sem bifreiðar aki hér í bæ. Hljóðmerki kveðst vitnið ekki hafa heyrt.

Þá hefir verið leiddur sem vitni í málinu Guðmundur Steindórsson. Vitnið sat í bifreiðinni R. 358 við hlið ákærðs. Það segist ekki hafa séð Sigmund heitinn fyrr en hann kom fyrir bátsstefnið á nokkrum hraða og lenti þegar á vörupallshorninu. Það telur, að manngengt hafi verið milli bátsins og bifreiðarinnar. Það gizkar á, að bifreiðinni hafi verið ekið á 16—18 km. hraða, og kveðst hafa heyrt ákærðan gefa hljóðmerki, áður en hann fór fram hjá bifreiðinni, sem dró bátinn.

Vitnin Sigurgrímur Þórarinn Guðjónsson, Halldór Bjarnason, Guðmundur Sigurjónsson og Ellert Helgi Ketilsson, sem öll voru við bátsflutninginn, hafa borið það, að ákærður hafi ekið með eðlilegum hraða eða gætilega. Ellert Helgi hefir gizkað á, að hraðinn hafi verið 20 km. Ellert Helgi telur, að litið bil hafi verið milli bifreiðarinnar og bátsins, en þó manngengt. Sigurgrímur telur ákærðan hafa haldið sig eðlilega á veginum, þegar hann ók fram hjá sér, en hann sat undir stýri á bifreið þeirri, er bátinn dró. Af þessum vitnum hafði Guðmundur aðstöðu til að veita slysinu athygli og þó óglögg. Kveður hann, að sér hafi virzt Sigmundur heitinn fara á bifreiðina, hlaupa fyrir bátsskutinn og lenda á brúninni á vörupallinum að framan. Ellert Helgi kveðst hafa séð Sigmund heitinn koma

hlaupandi, hálfboginn, aftur fyrir bátinn og gæta undir hann, en ekki sá hann, þegar bifreiðin lenti á honum.

Í tilefni af frásögn ákærðs um hraða bifreiðarinnar hefir verið leitað, að bendingu hæstaréttar, álots bifreiða-  
eftirlitsmannanna Jóns Ólafssonar og Viggó Eyjólfssonar og læknanna Magnúsar Péturssonar héraðslæknis og Niels Dungals prófessors um það, hvort bifreið ákærða hefði getað greitt Sigmundi heitnum svo mikið högg, sem raun gaf vitni, ef hún hefði verið á þeim hraða, sem hann telur.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir telja, eftir þeirri reynslu, sem þeir hafa af bifreiðaárekstrum, að líklegt megi telja, að „jafnvel þótt bifreið sé ekki á meiri hraða en 15—18 km. gefi hún það mikið högg, að það geti veitt slíkan áverka, sem varð á manningum, sem slasaðist, sérstaklega þegar þess er gætt, að maðurinn gekk „ákveðið og óhikað“ og því „á nokkrum hraða beint í veginn fyrir bifreiðina“, eins og vitnin segja, og að hornið á vörupallinum eða kassanum lendir „beint í andliti mannsins.“ Læknarnir hafa látið það álit uppi, að það væri „mjög ólíklegt, að slíkur áverki hefði hlotizt af bifreiðinni á 15—18 km. hraða, svo framarlega sem maðurinn hefði staðið hreyfingarlaus, þegar bifreiðin rakst á hann. En þar sem svo virðist, sem líkur séu til, að maðurinn hafi komið með nokkrum hraða á móti bifreiðinni, er mögulegt, að árekstrarhraðinn hafi getað numið allt að 30 km., og teljum við ekki óhugsandi, að það geti útskýrt hinn mikla áverka, er hinn látni varð fyrir, ekki sízt þar sem hann mun hafa lent á horni bifreiðarpallsins“.

Þá hefir í framhaldsrannsókninni verið mældur halli vegarins. Er hann óverulegur eða 1:106 á þeim stað, sem áreksturinn er talinn að hafa orðið á. Telja bifreiðaeftirlitsmennirnir það bæði „mögulegt og sjálfsagt“, að bifreiðin hafi getað dregið þar á 15—18 km. hraða, enda þótt hún væri í 4. gir og fullfermd af sandi.

Samkvæmt málavöxtum þeim, er nú hafa verið raktir, verður ákærðum að áliti réttarins ekki gefin sök á slysinu, svo að við lög þau varði, sem í stefnu greinir. Ákærður ekur framhjá bátnum á litlum hraða, að því er ráða má af rannsókninni. Hann gefur hljóðmerki að vitni þess mannsins, er bezta aðstöðu hafði til að taka eftir því. Hann telur sig hafa ekið eins utarlega og sér hafi verið fært, og

styður vitnisburður Sigmundar Eyvindssonar það og einnig að nokkru vitnisburður Sigurgrims Þórarins Guðjónssonar. Verður ekki talið samkvæmt framburðum vitnanna, að ákærður hafi farið svo nærri bátnum, að slysið hefði þess vegna þurft að verða. Það verður að telja sann að með framburðum vitnanna, að Sigmundur heitinn hafi skotizt fyrir bifreiðina, án þess að taka eftir henni, enda virðist hann hafa haft hugann við það að gæta að bátnum. Verður því að sýkna ákærðan af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins, af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs hér fyrir réttinum, Garðars Þorsteinssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Halldór Sveinsson, skal sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs, Garðars Þorsteinssonar, hrm., kr. 60.00.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 18/1939. **Kristján Helgason**

(Theódór B. Líndal)

gegn

**Jóhannesi Ólafssyni**

(Pétur Magnússon).

Meiðyrðamál. Frávisun ex officio, vegna þess að áfrýjunarleyfi var of seint veitt.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 9. des. 1936, og áfrýjunarfrestur samkvæmt e-lið 222.